

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 435/1998.

Lögreglustjórnin í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Ágústi Halldórssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 7. desember nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, var varnaraðili dæmdur 17. desember 1997 til að sæta fangelsi í sjö mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og umferðarlögum nr. 50/1987. Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er nú rekið mál ákæruvaldsins á hendur varnaraðila, þar sem honum er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 27. september 1997 til 16. júlí 1998 framið sextán umferðarlagabrot, átta brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum, sex auðgunarbrot og tvö fíkniefnabrot og auk þess í félagi við aðra framið 27 hegningarlagabrot, þar á meðal þjófnað, eignaspjöll og nytjastuld. Varnaraðili, sem hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 16. júlí 1998, hefur játað þessar sakargiftir.

Með vísan til framanritaðs og þess, sem að öðru leyti er getið í úrskurði héraðsdómara, má ætla, að varnaraðili muni halda áfram

brotum, meðan máli hans er ekki lokið, fari hann frjáls ferða sinna. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1998.

Ár 1998, föstudag 23. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Kristjönu Jónsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Ágústi Halldórssyni, kt. 280480-4879, Skúlagötu 78, Reykjavík, verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi frá lokum þess gæsluvarðhalds, sem hann nú sætir, en lýkur í dag kl. 16.00, uns dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til mánu dags 7. desember 1998 kl. 16.00.

Í greinargerð lögreglustjórans í Reykjavík kemur fram, að Ágúst hafi fyrst verið úrskurðaður í gæsluvarðhald að kröfu lögreglustjórans í Reykjavík 16. júlí sl. og þá til 28. ágúst. Þann dag hafi lögreglustjórinn í Reykjavík óskað eftir framlengingu gæsluvarðhaldsins til 23. október, en héraðsdómur framlengt það til 2. október. Þennan úrskurð hafi Ágúst kært til Hæstaréttar, sem staðfest hafi úrskurð héraðsdóms. 2. október hafi lögreglustjórinn í Reykjavík óskað eftir framlengingu á gæsluvarðhaldinu til 23. október og héraðsdómur orðið við þeirri kröfu.

Aðdragandi fyrstu gæsluvarðhaldskröfunnar hafi verið að morgni 16. júlí, en þá hafi Ágúst verið handtekinn vegna upplýsinga um, að hann stæði í innbrotum. Við handtökuna hafi hann játað að hafa verið að brjótast inn nóttina á undan, og við yfirheyrslur hafi hann játað innbrot í þrjár bifreiðar, en auk þess fannst þýfi í bifreið þeirri, sem hann var í, þegar hann var handtekinn.

Lögreglan hafi margoft haft afskipti af Ágústi vegna afbrota, svo sem innbrota og þjófnaða sem og vegna umferðarlagabrota. 17. desember 1997 hafi hann hlotið sjö mánaða dóm, skilorðsbundinn í þrjú ár, fyrir að hafa einsamall framið átta umferðarlagabrot, átta hegningar- og umferðarlagabrot og þrettán auðgunarbrot, en auk þess verið dæmdur fyrir að hafa í fé-

lagi með öðrum framið þrjú hegningarlagaþrot, svo sem þjófnaði og nytjastuld. Þrátt fyrir þennan dóm hafi Ágúst haldið uppteknum hætti í afþrotum og á þessu ári framið fjölda afþrota.

Fyrir héraðsdómi sé nú til meðferðar sakamál á hendur Ágústi. Í því er hann ákærður fyrir að hafa einsamall framið sextán umferðarlagabrot, átta hegningar- og umferðarlagabrot, sex auðgunarþrot og tvö fíkniefnaþrot, en auk þess er hann ákærður fyrir að hafa í félagi með öðrum framið 27 hegningarlagaþrot, svo sem þjófnaði, eignasþjöll, nytjastuld og hylmingu. Þessi þrot hafi verið framin á tímabilinu frá enduðum september 1997 og fram í júlí á þessu ári. Ágúst hafi við meðferð málsins játað allar sakargiftir.

Í þinghaldi fyrrnefnds sakamáls 25. september sl. hafi dómariinn talið nauðsynlegt vegna ungs aldurs Ágústs og óvenjulegs afþrotaferils, að fram kæmu ýtarlegar upplýsingar um persónulegar aðstæður hans, sbr. b-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991, en engin slík gögn væru meðal skjala málsins. Þá hafi dómariinum þótt nauðsynlegt, að fram kæmu upplýsingar um andlegan og líkamlegan þroska ákærða Ágústs, og yrði í þessu skyni aflað vottorða læknis og sálfræðings. Þess hafi verið óskað, að í vottorðinu kæmu fram upplýsingar um það, hvort einhver ástæða sé til að ætla, að ákvæði 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi hans. Reynist svo ekki vera, hafi þess verið óskað, að þeir, sem athugun gerðu á grundvelli d-liðar 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991, létu í té rökstutt álit sitt á því, hvort líklegt sé, að eitthvert hinna sérstöku skilyrða, sem um sé getið í 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sé nægjanlegt eða líklegt til árangurs í því skyni að leiða Ágúst af afþrotaþrautinni eftir atvikum ásamt skilorðsbundinni refsivist. Dómariinn hafi óskað eftir því, að athugun þessari yrði flýtt eins og frekast væri kostur.

Embætti lögreglustjórans í Reykjavík hafi fengið Tómas Zoëga geðlækni og Gylfa Ásmundsson sálfræðing til að annast þessa athugun. Hafi þeir skilað niðurstöðum sínum í gærðag, 22. október, og sé vonast til, að síðasta þinghald í málinu fyrir dómtöku verði í næstu viku.

Ljóst sé af framangreindu, að brotaferill Ágústs sé langur þrátt fyrir ungan aldur og að hann hafi til þessa ekki látið segjast, heldur haldið áfram afþrotum. Verði að stöðva þennan afþrotaferil Ágústs.

Ágúst hafi á gæsluvarðhaldstímanum verið vistaður í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9 í Reykjavík. Þrisvar á þessum tíma hafi verið tekin þvagsýni til athugunar á því, hvort hann hefði neytt fíkniefna. Ekkert slíkt hafi komið fram við fyrstu tvær athuganirnar, en í hinni þriðju, sem gerð hafi verið 20. október sl., hafi Ágúst mælst með 120 ng/ml kannabínóíða í þvagi, sem bendi ótvírætt til neyslu í fangelsinu.

Áður en Ágúst hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald, hafi hann verið í mikilli neyslu fíkniefna, eins og bókað sé í þinghaldi 16. júlí vegna fyrstu gæsluvarðhaldskröfunnar. Þegar litið sé til brotaferils Ágústs og þess, að hann hafi á gæsluvarðhaldstímanum neytt fíkniefna innan veggja fangelsisins, verði eigi annað talið en yfirgnæfandi líkur séu á, að kærði haldi áfram brotastarfsemi sinni, fari hann frjáls ferða sinna.

Í fyrrgreindum úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. júlí, 28. ágúst og 2. október sl. hafi verið fallist á kröfu um gæsluvarðhald yfir Ágústi, enda væru til þess skilyrði c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála. Telja verði, að svo sé.

Með vísan til alls framanritaðs, fram lagðra gagna og loks með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er þess farið á leit, að krafan verði tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Þegar litið er til ákæru, sem dags. er 25. ágúst sl., og fjölda þeirra brota, sem þar eru rakin, þykir ekki verða litið fram hjá því, að kærði er síbrotamaður. Þá er fram komið, að kærði hlaut í desember sl. sjö mánaða fangelsisdóm, skilorðsbundinn í þrjú ár, fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Með þeim brotum, sem kærði hefur nú játað að hafa framið, hefur hann rofið skilorð framangreinds dóms. Þegar þetta er virt, þykir hætta vera á, að kærði muni halda áfram afbrotum, verði hann látinn laus. Að framangreindu athuguðu teljast skilyrði c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, og verður kærða samkvæmt því gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 7. desember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ágúst Halldórsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til mánudagsins 7. desember nk. kl. 16.00.